# Sunnudagur 26. nóvember

## SJÓNVARPIÐ

13.00 **Fræðsluvarp Endurflutningur.** 1. Þýskukennsla (15 mín.). 2. Þitt er valið (20 mín.). 3. Íslenska 4. þáttur (11 mín.). 4. Algebra 4. og 5. þáttur (26 mín.).
14.00 **Bikarkeppni Sundsambands Íslands.** Bein útsending frá Sundhöll Reykjavíkur.
16.00 **Í skuldafjötrum.** (A Matter of Life and Debt). Fyrsti þáttur. Nýr, breskur heimildamyndaflokkur í þremur. þáttum. Fjallað er um skuldabagga þriðja heimsins og hvernig hann er til kominn. Þýðandi Bogi Arnar Finnbogason.
16.50 **Arthur Rubinstein leikur með Parísarhljómsveitinni.** Stjórnandi Paul Klecki. Fluttur verður Píanókonsert no. 5 op. 73 eftir Beethoven og Larghetto úr píanókonsert no. 2 í F moll eftir Chopin.
17.40 **Sunnudagshugvekja.** Sr. Sigurður Sigurðarson prestur í Selfossprestakalli flytur.
17.50 **Stundin okkar.** Umsjón Helga Steffensen.
18.20 **Ævintýraeyjan.** (Blizzard Island). Annar þáttur. Kanadískur framhaldsmyndaflokkur í 12 þáttum. Tíu ára gömul stúlka finnur töfrafesti sem gerir henni kleift að komast til Ævintýraeyjunnar ásamt bróður sínum, en þar eru fyrir ýmsar furðuverur. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.50 **Brauðstrit.** (Bread). Breskur gamanmyndaflokkur um fjölskyldu í Liverpool sem lifir góðu lífi þrátt fyrir atvinnuleysi og þrengingar. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
20.35 **Blaðadrottningin.** (I'll Take Manhattan). Annar þáttur. Bandarískur myndaflokkur í átta þáttum. Flokkurinn er gerður eftir samnefndri skáldsögu eftir Judith Krantz. Aðalhlutverk: Valerie Bertinelli, Barry Bostwick, Perry King og Francesca Annis. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir. Framhald.
21.20 **Vatnsberinn.** Vatnsveita í Reykjavík fyrir 80 árum var fyrsta stórframkvæmd íslensku þjóðarinnar og fylgdi henni slíkur „arnsúgur" að lengi var haft í minnum. Dagskrárgerð Baldur Hermannsson.
21.45 **Sagan.** (La Storia). – Annar hluti. Ítalskur myndaflokkur í þremur þáttum sem hlotið hefur fjölda viðurkenninga. Höfundur er Luigi Comencini, eftir skáldverki Elsu Morante. Í myndaflokknum er á magnþrunginn hátt fjallað um gyðingakonuna Idu, syni hennar tvo og örlagasögu fjölskyldunnar á Ítalíu í umróti síðari heimsstyrjaldarinnar. Aðalhlutverk: Claudia Cardinale, Francisco Rabal, Andrea Spada og Antonio Degli Schiavi. Þýðandi Þuríður Magnúsdóttir.
23.20 **Úr ljóðabókinni.** Þér konur eftir Stefán frá Hvítadal. Lesari Skúli Gautason. Formála flytur Sigurður Hróarsson. Umsjón og stjórn upptöku Jón Egill Bergþórsson.
23.40 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

9.00 **Gúmmíbirnir.** Teiknimynd.
9.20 **Furðubúarnir.** Teiknimynd.
9.45 **Selurinn Snorri.** Teiknimynd með íslensku tali.
10.00 **Litli folinn og félagar.** Teiknimynd um fallega litla folann.
10.20 **Draugabanar.** Teiknimynd.
10.45 **Köngulóarmaðurinn.** Teiknimynd.
11.10 **Ævintýraleikhúsið.** Faerie Tale Theatre. **Hans og Gréta.** Hansel and Gretel. Ævintýrið um Hans og Grétu er hér í nýjum búningi. Aðalhlutverk: Joan Collins, Paul Dooley og Ricky Schroder.
12.00 **Þrúgur reiðinnar.** Grapes of Wrath. Stórbrotin kvikmynd sem byggð er á samnefndri skáldsögu eftir John Steinbeck. Aðalhlutverk: Henry Fonda, Jane Darwell og John Carradine. Leikstjóri: John Ford.
14.05 **Fílar og tígrisdýr.** Við kynnumst að þessu sinni lífsháttum fíla en þeir hafa svo oft verið nefndir konungar frumskóganna.
15.10 **Frakkland nútímans.** Aujourd'hui en France. Ef þú vilt fræðast um Frakkland láttu þá ekki þennan þátt fram hjá þér fara.
15.45 **Heimshornarokk.** Big World Café.
16.40 **Francois Truffaut.** Þýskur heimildarþáttur um franska kvikmyndaleikstjórann Francois Truffaut. Ungur að aldri fékk hann mikinn áhuga á kvikmyndum og var lengi kvikmyndagagnrýnandi.
17.30 **Á tindi Mt. McKinley.** Tæplega 6.200 metra hár og snæviþakinn tindur Mt. McKinley er ögrandi fagur og ískaldur. Ófáir fjallagarpar hafa lagt til atlögu við hann, háð drengilega baráttu við óvægin náttúruöflin og ýmist beðið lægri hlut eða upplifað ómælda ánægju.
18.00 **Golf.** Umsjón: Björgúlfur Lúðvíksson.
19.19 **19:19.** Fréttir, íþróttir, veður og umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.00 **Evrópa 1992.** Umsjón: Jón Óttar Ragnarsson.
20.10 **Landsleikur.** Bæirnir bítast. Að þessu sinni bítast Ólafsfjörður og Dalvík. Umsjón: Ómar Ragnarsson.
21.15 **Allt er fertugum fært.** Behaving Badly. Bridget er kona um fertugt sem ákveður að yfirgefa heimili sitt ásamt dóttur sinni eftir að hún kemst að því að eiginmaðurinn hafði verið henni ótrúr í lengri tíma. Aðalhlutverk: Judi Dench, Ronald Pickup, Frances Barber og Francesca Folan. Leikstjóri: David Tucker.
22.10 **Lagakrókar.** L.A.Law. Framhaldsmyndaflokkur um líf og störf lögfræðinga.
23.00 **Michael Aspel II.** Breski sjónvarpsmaðurinn Michael Aspel tekur á móti gestum. Þeir verða að þessu sinni Jim Beluchi, Helen Mirren og John Hurt.
23.40 **Einn á móti öllum.** Only the Valiant. Sígildur vestri með glæsimenninu Gregory Peck í hlutverki Lance herforingja. Hann sætir harðri gagnrýni hermanna sinna þegar einn úr röðum þeirra fellur í bardaga við indíána. Aðalhlutverk: Gregory Peck, Barbara Payton og Gig Young.
1.25 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

8.00 **Fréttir.**
8.05 **Morgunandakt.** Séra Baldur Vilhelmsson, prófastur í Vatnsfirði við Djúp, flytur ritningarorð og bæn.
8.15 **Veðurfregnir.** Dagskrá.
8.30 **Á sunnudagsmorgni** með Vilhjálmi Árnasyni heimspekikennara. Bernharður Guðmundsson ræðir við hann um guðspjall dagsins, Markús 9, 2-9.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni.**
10.00 **Fréttir.**
10.03 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá sunnudagsins í Útvarpinu.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.25 **Í fjarlægð.** Jónas Jónasson hittir að máli Íslendinga sem hafa búið lengi á Norðurlöndum, að þessu sinni Steinunni Arnórsdóttur Berglund í Stokkhólmi. (Einnig útvarpað á þriðjudag kl. 15.03.)
11.00 **Messa í Neskirkju.** Prestur: Séra Guðmundur Óskar Ólafsson.
12.10 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá sunnudagsins í Útvarpinu.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar. Tónlist.
13.00 **Hádegisstund í Útvarpshúsinu.** Ævar Kjartansson tekur á móti sunnudagsgestum.
14.00 **Ljósvíkingurinn í mér.** Dagskrá í umsjá Þorgeirs Ólafssonar.
14.50 **Með sunnudagskaffinu.** Sígild tónlist af léttara taginu.
15.10 **Í góðu tómi.** með Hönnu G. Sigurðardóttur.
16.00 **Fréttir.**
16.05 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Garpar,** goð og valkyrjur. Þáttaröð úr Völsungasögu, annar þáttur. Útvarpsgerð: Vernharður Linnet. Aðalleikendur: Þröstur Leó Gunnarsson, Þórdís Arnljótsdóttir og Atli Rafn Sigurðsson. (Einnig útvarpað í Útvarpi unga fólksins næsta fimmtudag.)
17.00 **Kontrapunktur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. Dómari: Þorkell Sigurbjörnsson. Til aðstoðar: Guðmundur Emilsson.
18.00 **Rimsírams.** Guðmundur Andri Thorsson rabbar við hlustendur.
18.20 **Tónlist.** Auglýsingar.
18.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Auglýsingar.**
19.31 **Ábætir.** ● Svíta úr Pétri Gaut nr. 1 op. 46 eftir Edward Grieg. Hljómsveitin Fílharmónía leikur; Christopher Seaman stjórnar. ● José Carreeras syngur með Ensku kammersveitinni verk eftir Lacalle, Quintero og Freire; Robin Stapelton stjórnar.
20.00 **Á þeysireið um Bandaríkin.** Umsjón: Bryndís Víglundsdóttir.
20.15 **Íslensk tónlist.**
21.00 **Húsin í fjörunni.** Umsjón: Hilda Torfadóttir. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá liðnu sumri.)
21.30 **Útvarpssagan:** Gargantúa eftir Francois Rabelais. Erlingur E. Halldórsson þýddi. Baldvin Halldórsson les (5.)
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.30 **Íslenskir einsöngvarar og kórar.** Margrét Eggertsdóttir, Jón Sigurbjörnsson, Tónlistarfélagskórinn, Kristinn Hallsson og Kirkjukór Akraness syngja íslensk lög.
23.00 **Frjálsar hendur.** Illugi Jökulsson sér um þáttinn.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir.
1.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2
FM 90,1

9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests.** Sígild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikur og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
11.00 **Úrval.** Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á Rás 2.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
13.00 **Marvin Gaye og tónlist hans.** Skúli Helgason rekur tónlistarferil listamannsins í tali og tónum. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
14.00 **Spilakassinn.** Getraunaleikur Rásar 2. Umsjón: Jón Gröndal. Dómari: Adolf Petersen.
16.05 **Maðurinn með hattinn.** Magnús Þór Jónsson stiklar á stóru í sögu Hanks Williams. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri) (Úrvali útvarpað í Næturútvarpi á sunnudag kl. 7.00)
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Sigrún Sigurðardóttir, Oddný Eir Ævarsdóttir, Jón Atli Jónasson og Sigríður Arnardóttir.
21.30 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
22.07 **Klippt og skorið.** Skúli Helgason tekur saman syrpu úr kvölddagskrá Rásar 2 liðna viku.
2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00. 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

### NÆTURÚTVARP

1.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Endurtekinn frá þriðjudagskvöldi á Rás 1.)
3.00 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur.
04.00 **Fréttir.**
4.05 **Undir værðarvoð.** Ljúf lög undir morgun.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á Rás 1.)
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Harmoníkuþáttur.** Umsjón: Bjarni Marteinsson. (Endurtekinn þáttur frá miðvikudegi á Rás 1.)
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Suður um höfin.** Lög af suðrænum slóðum.

## FM 98,9 BYLGJAN

9.00 **Haraldur Gíslason á morgunvaktinni.** Halli er alveg með á nótunum og færir ykkur kaffi og rúnstykki í rúmið. Róleg og ljúf tónlist.
12.00 **Hádegisfréttir.**
12.10 **Jón Ásgeirsson** fréttastjóri lítur yfir fréttir vikunnar og fjallar nánar um þær.
13.00 **Þorgrímur Þráinsson.** Sunnudagstónlist og létt spjall við hlustendur.
16.00 **Bókaþáttur** í umsjón Rósu Guðbjartsdóttur. Fjallað um nýjar íslenskar bækur og spjallað við höfunda og útgefendur og lesnir kaflar úr bókum.
18.00 **Snjólfur Teitsson í kvöldmatnum.**
20.00 **Pétur Steinn með þátt fyrir hugsandi fólk. Allt yfirnáttúrulegt kannað, spjall um allt milli himins og jarðar.**
24.00 **Freymóður T. Sigurðsson** leiðir Bylgjuhlustendur inn í nóttina með ljúfum tónum.
Fréttastofan er með fréttatíma um helgar kl. 10.00, 12.00, 14.00 og 16.00.

## STJARNAN
FM 102 & 104

10.00 **Kristófer Helgason.** Ljúf, ný og vönduð tónlist ræður ferðinni. Hann er með stjörnuspána á hreinu.
14.00 Darri Ólafsson. Tónlistin er ný, fersk og vönduð. Við spilum nýjustu tónlistina fyrstir.
18.00 **Arnar Kristinsson.** Hvað er í bíó?
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.** Þorsteinn fylgist með nýbylgjutónlistinni og leikur hana í bland við vinsældapoppið. Ýmis fróðleikur um tónlist og tónlistarmenn sem kemur þér á óvart.
1.00 **Björn Sigurðsson.** Næturvakt á Stjörnunni. Síminn er opinn og Bússi tekur vel á móti þér.

## ÚTRÁS
FM 104,8

12.00 **MS.**
14.00 **IR.**
16.00 **MK.**
18.00 **FÁ.**
20.00 **FB.**
22.00 **Neðanjarðargöngin.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## EFFEMM 95,7

8.00 **Árni Vilhjálmur.** Óskalög og eldra efni fram til klukkan eitt.
13.00 **Sveinn Snorri.** Léttur og líflegur.
16.00 **Klemenz Arnarsson.** Sunnudagstónlist eins og hún gerist best.
19.00 **Benedikt Elfar.** Með breiðan smekk þótt grannur sé.
22.00 **Sigurjón „Diddi".** Fylgir ykkur inn í nóttina.
1.00 **Lifandi næturvakt.**

## FM 90,9 AÐALSTÖÐIN

8.00 Sálartetrið, endurtekinn þáttur Önnu Inger Aikman. Gestur þáttarins séra Karl Sigurbjörnsson.
10.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Ljúf tónlist með fróðleik.
13.00 **Sunnudagssíðdegi** með Inger Önnu Aikman.
16.00 **Oddur Magnús** á ljúfu nótunum.
19.00 **Þægileg tónlist** í helgarlok.
22.00 **Léttklassík.** Umsjón Íris Erlingsdóttir.

## SKY One

6.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur
7.00 **Gríniðjan.** Barnaefni.
11.00 **50 vinsælustu.** Poppþáttur.
12.00 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
13.00 **That's Incredible.** Fræðslumynd.
14.00 **Fjölbragðaglíma (Wrestling).**
15.00 **The Incredible Hulk.** Spennumyndaflokkur
16.00 **Emergency.** Framhaldsmyndaflokkur.
17.00 **Eight is Enough.** Framhaldsmyndaflokkur.
18.00 **Family Ties.** Gamanþáttur.
19.00 **21 Jump Street.** Spennumynda flokkur.
20.00 **Golden Rendezvous.** Kvikmynd.
22.00 **Entertainment This Week.**
23.00 **Fréttir.**
23.30 **The Paper Chase.** Framhaldsmyndaþáttur.
00.30 **Poppþáttur.**

## SKY MOVIES

14.00 **The Princess Bride.**
16.00 **A Billion For Boris.**
18.00 **Three Men and a Baby.**
20.00 **Black Widow.**
22.00 **Assault on Precinct 13.**
24.00 **The Terminator.**
01.45 **Brazil.**
04.00 **Prizzi's Honour.**

## EUROSPORT

9.30 **Tennis.** Keppni nokkurra fyrrverandi meistara á Spáni.
10.00 **Skíði.** Mót í Bandaríkjunum. Liður í heimsmeistarakeppninni.
11.00 **Fótbolti.** Meginlandsknattspyrna eins og hún gerist best.
12.30 **Surfer Magazine.** Allt um brimbrettaíþróttina.
13.00 **Eurosport Live.** Þriggja og hálfrar klukkustunda bein útsending frá Ladies Master Tennis sem fram fer í Essen.
16.30 **Rugby.** Nýja-Sjánland–The Barbarians.
18.00 **Skautar.** Heimsmeistarakeppni kvenna sem fram fer í Berlín.
19.00 **Tennis.** Ladies Master Tennis sem fram fer í Essen.
21.00 **Fótbolti.** Meginlandsknattspyrna eins og hún gerist best.
22.00 **Skíði.** Mót í Bandaríkjunum. Liður í heimsmeistarakeppninni.

## SCREENSPORT

8.00 **Kappakstur.** Atlanta 500.
10.00 **Ameríski fótboltinn.** Leikur vikunnar.
12.00 **Argentíski fótboltinn.**
13.45 **Golf.** Inside the PGA.
14.15 **Íþróttir í Frakklandi.**
14.45 **Tennis.** Virgina Slims keppnin, úrslit.
16.15 **Argentíski fótboltinn.**
18.00 **Íshokkí.** Leikur í bandarísku atvinnumannadeildinni.
20.00 **Ameríski fótboltinn.** Leikur háskólaliða.
22.00 **Rugby.** Leikur í frönsku deildinni.
23.00 **Hnefaleikar.**

## Sjónvarp kl. 17.50:
# Stundin okkar í Disney-world

Meðal þess sem gert verður í Stundinni okkar er að fara með Völu, Reyni og Lilla í einhvern stórfenglegasta skemmtigarð heimsins, Disney-world á Flórída.

Ekki er það nú samt eina efnið því Helga, Laufi, Minna og Gammur lesa bréf frá krökkunum í Póstkassanum. Skroppið verður til Húsavíkur og sýndar svipmyndir frá kaupastaðnum. Slegist verður í för með krökkum úr Digranesskóla að sjá bókasýningu sem var í útvarpshúsinu. Þá sýna krakkarnir í Bústaðaskóla okkur risadýr sem þau hafa búið til sjálf. Alda Sveinsdóttir kennari segir frá því.



**Hér er Reynir í góðum félagsskap í Disney-world.**

## Rás 1 kl. 14.00:
# Ljósvíkingurinn í mér

Fáar bækur hafa haft jafndjúp áhrif á lesendur og Heimsljós Halldórs Laxness. Margir fræðimenn hafa reynt að komast til botns í hvers vegna og þá einnig hvernig persóna Ólafur Kárason ljósvíkingur er.

Í þættinum verður greint frá hugmyndum nokkurra bókmenntafræðinga um Ólaf ljósvíking og lesendur spurðir hvernig þeir hafi fundið samhljóm við hann. Umsjón með þættinum hefur Þorgeir Ólafsson.

## Sjónvarp kl. 16.50:
# Arthur Rubinstein leikur með Parísarhljómsveitinni



**Arthur Rubinstein.**

Arthur Rubinstein lifði lengi og dó háaldraður maður. Hann fæddist 1886 og lifði vel fram á tíræðisaldurinn og var á tónleikaferðalögum um heiminn þegar flestir aðrir voru sestir í helgan stein.

Í dag sýnir Sjónvarpið upptöku frá tónleikum Rubinsteins sem hefur varðveist. Leikur meistarinn einn af þekktari píanókonsertum Beethovens, Keisarakonsertinn, nr. 5 opus 73 og einnig hinn angurblíða annan þátt, Larghetto úr píanókonserti nr. 2 í f-moll eftir Chopin, en Rubinstein er talinn besti síðari tíma flytjandi Chopin-verka.

## Rás 2 kl. 14.00:
# Spilakassinn

| | 1 | 2 | 3 |
|---|---|---|---|
| 1 | | | |
| 2 | | | |
| 3 | | | |
| 4 | | | |
| 5 | | | |
| 6 | | | |
| 7 | | | |
| 8 | | | |
| 9 | | | |
| 10 | | | |

*Nafn:*

*Heimili:*

*Svör sendist til:* — Spilakassinn —
Ríkisútvarpið
Efstaleiti 1
108 Reykjavík